

13. Rangárvallasýsla.

88

16. júní

Hjarðarbrekka, nýbýli úr landi Lambhaga í Rangárvallahreppi.
Hlíðarból, nýbýli úr landi Kirkjulækjar í Fljótshlíðarhreppi.
Lambey, nýbýli úr landi Breiðabólstaðar í Fljótshlíðarhreppi.
Lynghagi, nýbýli úr landi Miðhúsa í Hvolhreppi.
Lækjarhvammur, nýtt nafn á jörðinni Norður-Búðarhólshjáleigu (Búðarhóls-norðurhjáleiga), Austur-Landeyjahreppi.
Lækjartún, nýtt nafn á jörðinni Kálfholtshjáleiga í Ásahreppi.
Skarðshlíð III, nýbýli úr landi Skarðshlíðar II og Bakkamýrar (eyðibýlis) í Austur-Eyjafjallahreppi.

14. Árnessýsla.

Bólstaður, Nýbýli úr landi Stóra-Hofs í Gnúpverjahreppi.
Hveratún, nýbýli úr landi Laugaráss í Biskupstungnahreppi.
Jaðar II, nýbýli úr landi Jaðars í Hrunamannahreppi.
Laxárdalur II, nýbýli úr landi Laxárdals í Gnúpverjahreppi.
Litli-Saurbær II, nýbýli úr landi Litla-Saurbæjar í Ölfushreppi.
Ljónsstaðir, nýbýli úr landi Haugakots í Sandvíkurhreppi.
Norðurbrún, nýbýli úr landi Fljótsholts í Biskupstungnahreppi.
Oddgeirshólar II, nýbýli úr landi Oddgeirshóla í Hraungerðishreppi.
Önundarholt II, nýbýli úr landi Önundarholts í Villingaholtshreppi.

Í menntamálaráðuneytinu, 16. júní 1954.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

Staðfesting á skipulagsskrá fyrir „Björgunarskútusjóð Breiðafjarðar“, útgefin 89
 á venjulegan hátt ad mandatum af dómismálaráðherra 23. júní 1954. 23. júní
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Björgunarskútusjóð Breiðafjarðar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Þorbirni Jónssyni og eiginkonu hans Svanhildi Jóhannsdóttur, Mímisvegi 2, Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50000.00, sem fyrrnefnd hjón hafa í dag lagt fram að gjöf. Er gjöf þessi innt af hendi í þeirri von, að Breiðfirðingar finni nauðsyn þess, að slíkur sjóður verði til, og reyni að efla hann á allan hátt.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að því, að Breiðfirðingar eignist svo fljótt sem unnt er björgunarskútu, sem einnig hafi landhelgisgæzlu með höndum.

89
23. júní

Það er skilyrði fyrir stofnframlaginu, að skip það, er notað yrði sé ekki undir 200 brúttómálestum að stærð.

4. gr.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum og sé sýslumaður Snæfellsnessýslu formaður stjórnarinnar. Hinir 4 stjórnendurnir skulu kosnir af hreppsnefndum hreppa þeirra, sem eftirtaldir staðir eru í, einn frá hverju hreppsfélagi: a) Ólafsvík, b) Hellissandi, c) Grundarfirði, d) Stykkishólmi.

6. gr.

Sjóðnum skal afla tekna á hvern þann hátt, sem stjórn hans telur heppilegast og andvirði hans verði strax og unnt þykir varið til kaupa á björgunarskútu eins og fyrir segir.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar hans færðir í gerðabók og endurskoðaðir af sýslunefnd Snæfellsnessýslu árlega.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reykjavík, 24. apríl 1954.

Þorbjörn Jónsson. Svanhildur Jóhannsdóttir.

90
24. júní

AUGLÝSING

um staðfestingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðissamþykktir, er hér með, með vísun til tillagna landlæknis, staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað, sem bæjarstjórn kaupstaðarins hefur samþykkt.

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT FYRIR ÍSAFJARÐARKAUPSTAÐ

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar. Þó getur bæjarstjórn veitt undanþágur frá henni í einstökum atriðum, þar sem nauðsynlegt þykir.

2. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa 3 menn. Bæjarfógeti og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er bæjarfógeti formaður hennar. Þriðja manninn kýs bæjarstjórn úr hópi bæjarfulltrúa.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á, að ákvæði samþykktir þessarar séu haldin, svo og önnur ákvæði laga og reglugerða, sem að heilbrigðismálum lúta. Nefndin